

	U.S. cent pr. lb. Cif.
Blokk reg.	75.00
Blokk m/beingarði	70.00
Marningsblokk	40.00
Langa:	
8x7 r/l	82.16
10x5	85.00
Blokk reg.	75.00
Marningsblokk	20.00
Keila:	
8x7 r/l	82.16
Blokk reg.	65.00
Lýsa:	
Blokk reg.	85.00
Grálúða:	
Heilfr. hausuð yfir 3 kg	71.85
Heilfr. hausuð yfir 2 kg	57.48
Heilfr. hausuð 1—2 kg	43.11
Heilfr. m/h U.S.S.R.	36.19
4x12 lagp.	89.00
4x10, 6x10 og 4x14	90.00
Blokk U.S.S.R.	82.16
Blokk U.S.A.	68.00
Heilfrystur fiskur 3x9 kg	36.19

Verðbil verður 3.5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið 7. febrúar 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980:

Vélskelflett rækja.

U.S. \$ pr. lb. cif.

Blokkfryst	3.47
5x2 kg og 4x2.5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3.47
5x2 kg og 4x2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3.65
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	4.04
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	4.23

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrögnum verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið 7. febrúar 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til loka vetrarloðnuvertíðar 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til loka vetrarloðnuvertíðar 1980:

Loðnumjöl, \$ 8.80 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 500.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði.

Verðin miðast við cif., og gerast upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverð verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið 7. febrúar 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.